

Nr. 17 156 S 117 Eldey farþegabátur**Farþegi slasast við fall**

Skipaskr.nr. 2910
Útgerð: Elding Hvalaskoðun Reykjavík ehf
Smíðaður: Noregi, 1971, stál.
Stærð: 298,76 bt.
Mesta lengd: 34,11 m Skráð lengd: 29,93 m
Breidd: 7,50 m Dýpt: 2,80 m
Vél: Scania, 664 kw, 2001.
Fjöldi skipverja: 6
Fjöldi farþega: 135



Eldey © Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. október 2017 var Eldey í hvalaskoðunarferð með farþega á Faxaflóa. Veður: N 3 - 4 m/s og lygn sjór.

Í ferðinni var farþegi staddur fram á stefni bátsins ásamt fleiri farþegum þegar hún féll á þilfarið og lenti með höfuðið á landfestarpolla.

Við rannsókn kom fram:

- að farþeginn var að fylgjast með hval fyrir framan skipið og skipið ekki á ferð;
- að farþeginn var að færa sig frá stjórnborða yfir á bakborða en féll við það í þilfarið og lenti með höfuðið á landfestapolla;
- að farþeginn var með áverka á hægri kjálka og bólgnaði strax mikið.



Fyrirkomulag á stefni Eldeyjar þar sem farþeginn féll

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.